



**HAFNARFJÖRÐUR**

LANDSSAMTÖKIN

**ÞROSKAHJÁLP**

Þroskahjálp, landssamtök kt. 521176-0409 („Þroskahjálp“) og Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579 („Hafnarfjarðarbær“) gera með sér eftifarandi:

**samkomulag  
vegna lóðar að Öldugötu 41, Hafnarfirði**

1. Húsbyggingasjóður Þroskahjálpar („Húsbyggingasjóður“) mun sækja um lóðina að Öldugötu 41 í Hafnarfirði í því skyni að reisa þar leiguíbúðir ætlaðar fötluðu fólk, ásamt viðbótarrými vegna fötlunar íbúa. Húsbyggingasjóður mun leigja íbúðirnar út til einstaklinga á grundvelli ákvarðana Hafnarfjarðarbæjar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum. Önnur nýting á húsnæðinu verður óheimil nema með samþykki stjórnar Húsbyggingasjóðs.
2. Íbúar munu greiða húsaleigu til Húsbyggingasjóðs vegna síns einkarýmis en Hafnarfjarðarbær mun greiða húsaleigu til Húsbyggingarsjóðs fyrir starfsmannarými og annað sér rými sem til komið er vegna fötlunar einstaklings. Upphæð húsaleigu af hálfu Hafnarfjarðarbæjar mun taka mið af því fjármagni sem bærinn fær greitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem húsnæðiskostnað vegna þeirra íbúa sem þarna búa. Upphaf leigutíma miðast við verklok hússins sem áætluð eigi síðar en árið 2018. Gerður verður formlegur leigusamningur til 20 ára milli Hafnarfjarðarbæjar og Húsbyggingarsjóðs þegar verð, fjármagnskostnaður og tímasetningar liggja fyrir. Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum samningsins á samningstímabilinu. Allar breytingar á ákvæðum samnings skulu aðilar gera skriflega.
3. Aðilar eru sammála um að leiguverð skuli taka mið af leiðbeiningum íbúðaláanasjóðs og vera 7,62 % af stofnkostnaði hússins á ári enda fái Húsbyggingasjóður 90% lán frá íbúðaláanasjóði á 3,5% vöxtum. Til stofnkostnaðar telst, auk byggingakostnaðar, þeir liðir sem íbúðaláanasjóður samþykkir sem stofnkostnað í uppgjöri sínu við Húsbyggingasjóð, þar með talinn fjármagnskostnaður á byggingartíma. Húsbyggingasjóður mun taka framkvæmdalán frá viðskiptabanka sem býður best kjör. Húsbyggingarsjóður mun fjármagna 10% stofnkostnaðar.
4. Húsbyggingasjóður og Hafnarfjarðarbær skulu ná samkomulagi um hönnuði, verktaka og eftirlitsaðila með byggini hússins.
5. Hafnarfjarðarbær mun leitast við að finna Húsbyggingasjóði nýja leigjendur þegar þörf er á. Verði óeðlilegur dráttur þar á áskilur Húsbyggingasjóður sér rétt til að innheimta leigu fyrir þann drátt hjá bæjaryfirvöldum.

Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Hafnarfjörður 3. des 2015

f.h. Þroskahjálpar

Sveinn E. Sigurðsson,  
formaður Húsbyggingasjóðs

Árni Múli Jónasson, þróunarkerfemistjóri  
tel. 52117691

f.h. Hafnarfjarðarbær

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri

